

95

## L Ö G

27. des.

um breyting á lögum nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi

## Ákvæði til bráðabirgða:

Sveitarstjórnir skulu fyrir 1. janúar 1959 endurskoða samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár um opinber gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat, og leita staðfestingar réttra stjórnarvalda á þeim.

Frá því að nýja fasteignamatið gekk í gildi og þar til nýjar reglur hafa verið settar um slík gjöld til sveitarsjóða, skal innheimta þau á sama hátt og fyrir gildistöku fasteignamatsins. Skal þá farið eftir eldra fasteignamatinu og millimat, sem staðfest hefur verið eftir 30. apríl 1957, samræmt því. Gjöld eftir eldri reglum má innheimta með álagi samkvæmt því, sem ákveðið var í lögum nr. 29/1952.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1958.

Lög nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, og lög nr. 39 16. maí 1957, um breyt. á þeim lögum, eru úr gildi felld.

*Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1957.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*